



Í fremri röð á myndinni eru Stefán Guðnason, Niels Dungal og Jón Karlsson en í þeirri aftari Bragi Ólafsson, Gísli Fr. Petersen, Sigurður Sigurðsson, Karl Jónasson, Þórður Þórðarson, Jón Steffensen og Ólafur Einarsson.

Þýskalandsferð læknanema 1929

**Páll
Ásmundsson**

Í desember 1928 sigldu níu læknanemar á síðasta ári náms síns áleiðis til Þýskalands. Fararstjóri þeirra var Niels Dungal dósent. Hópurinn kom til Hamborgar 4. janúar. Þar tók á móti þeim m.a. Brauer nokkur prófessor og dr. Dannmeyer, þekktur vísindamaður og Íslandsvinur. Greiddu þessir tveir mjög götu Íslendinganna. Hópurinn ferðaðist víða um Þýskaland, skoðaði fjölda heilbrigðisstofnana og hlýddi á fyrirlestra frægra lækna. Meðal þeirra má nefna hinn fræga prófessor Sauerbruch sem næstum braut sig sjálfur er

hann ætlaði að sýna við hvaða aðstæður menn hlytu handleggisbrot. Meðal borga sem þeir félagar heimsóttu má nefna Berlín, Halle, Jena, Nürnberg, Wiesbaden, Düsseldorf og Dortmund að ógleymdri Hamborg en þar dvöldu þeir í þrjár vikur. Á heimleið með Esju voru þeir fjóra daga að komast gegnum ís á Eyrarsundi.

Niels Dungal ritaði ferðasögu hópsins og birtist hún í *Lækna blaðinu*, 15. árgangi (1929) á bls. 48. Konunglegur hirðljósmyndari, Ólafur Magnússon, tók myndina sem er í einkaeign.